

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

22.fundur verkefnahóps BsVest haldinn fimmtudaginn 8.nóvember 2012 kl. 13:00. Mætt voru í síma Arnheiður Jónsdóttir, formaður, Elsa Reimarsdóttir, Hildur Jakobína Gísladóttir og Margrét Geirsdóttir. Fundinn sat einnig Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri sem ritaði einnig fundargerð.

Formaður kynnti að Guðný Hildur Magnúsdóttir, hefði boðað forföll.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun félagsþjónustusvæðanna fyrir árið 2013.

Framkvæmdastjóri kynnti rekstrarstöðu BsVest fram til september 2013, tekjuáætlun er um 5,2 mkr undir áætlun frá janúar 2012. Annarsvegar er lækkun á heildartekjum vegna tilfærslna í þjónustu, áætlað um 1,4 mkr og lægri framlög Jöfnunarsjóðs vegna lægri útsvarstekna í upphafi árs. Vænst er að útsvarstekjur fyrir árið í heild verði það háar að þær jafni þennan mun út. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2012 og áætlun 2013 munu liggja fyrir næsta fundi verkefnahóps.

a) Fjárhagsáætlun Félagsþjónustu Ísafjarðarbæjar.

Margrét kynnti drög að fjárhagsáætlun félagsþjónustu Ísafjarðarbæjar.

Margrét óskaði eftir að formaður kannaði með möguleika sveitarfélaga á að ráða starfsmenn á „sofandi“ næturvaktir. Fram kom á kynningarfundum á Ísafirði um NPA þjónustu í október s.l., að verið væri að ræða við stéttarfélögin um slíkt fyrirkomulag, hér þurfi að gæta jafnræðis í kjarasamningum sveitarfélaga og einkaaðila.

b) Fjárhagsáætlun Félagsþjónustu Stranda og Reykhóla

Hildur kynnti drög að fjárhagsáætlun Félagsþjónustu Stranda og Reykhóla og greinargerð með áætluninni.

c) Fjárhagsáætlun Vestur Barð.

Elsa kynnti drög að fjárhagsáætlun Vestur Barð.

Formaður kynnti að Félagsþjónusta við Djúp væri ekki búin að skila sinni áætlun.

Fjárhagsáætlanir verða nú unnar áfram og stefnt að skilum á áætlunum á næsta fundi sem verði þann 14. nóvember n.k. og einnig yrði að skoða þær að nýju þegar áætlun Jöfnunarsjóðs um útsvarstekjur ársins 2013 liggja fyrir.

Önnur mál.

Margrét kynnti að Samband íslenskra sveitarfélaga hefði kynnt í gær að vinna starfsmat væri nú að hefjast. Þessi vinna hefði dregist allt frá miðju ári 2011 og Ísafjarðabær hefði þá þegar skilað inn umsókn um starfsmat og nauðsynlegum upplýsingum. Þessi töf mun valda tvíverknaði og óþarfa álagi á t.d. launasvið auk endurmats fjárhagsáætlana félagsþjónustusviðs síðustu missera.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14.20.